

# FUNDARGERÐ

**Fundur:** Fyrsti fundur fulltrúaráðs Brynju leigufélags ses.

**Dags.:** 22. nóvember 2022

**Staður:** Hátún 10 í Reykjavík

**Fundarmenn:** Bergur Þorri Benjamínsson (í gegnum fjarfundarbúnað), Bergþór Heimir Þórðarson, Fríða Bragadóttir, Jón Heiðar Jónsson, Guðni Sigmundsson (í gegnum fjarfundarbúnað), Guðrún Barbara Tryggvadóttir, Hjördís Ýrr Skúladóttir (í gegnum fjarfundarbúnað), Hrönn Stefánsdóttir, Ingibjörg Snjólaug Snorra Hagalín (í gegnum fjarfundarbúnað), María Magdalena Birgisdóttir Olsen (í gegnum fjarfundarbúnað), María Pétursdóttir, Sigþór Unnsteinn Hallfreðsson, Snævar Ívarsson (í gegnum fjarfundarbúnað), Vilhjálmur Hjálmarsson, Þuríður Harpa Sigurðardóttir, Ágústa Dröfn Guðmundsdóttir, Svavar Kjarrval Lúthersson, Aðalbjörg Traustadóttir, Gústav Aron Gústavsson, Unnur Þöll Benediktsdóttir, Stefanía Traustadóttir

**Fundarstjóri:** Margrét Kristmannsdóttir

**Fundarritari:** Flóki Ásgeirsson

**Gestir:** Erna Eiríksdóttir, Guðbrandur Sigurðsson, Hafsteinn Dan Kristjánsson, Halldór Sævar Guðbergsson, Halldóra Alexandersdóttir, Lilja Dögg Jónsdóttir, Þórarinn Þórhallsson, Rún Knútsdóttir, Eva Þengilsdóttir

## 1. Fundarsetning

Fundur settur kl. 15:05.

Tillaga borin upp um kjör fundarstjóra og fundarritara. Samþykkt.

Ávarp formanns stjórnar Brynju leigufélags ses.

## 2. Drög að starfsreglum

Formaður fulltrúaráðs, Þuríður Harpa Sigurðardóttir, kynnir drög að starfsreglum ráðsins.

Borin upp eftirfarandi breytingartillaga: „Við 1. mgr. 2. gr. bætist: Skipunartími formanns fulltrúaráðs er óháður fyrri setu í ráðinu.“ Samþykkt.

Borin upp tillaga um samþykkt reglnanna með áður samþykktri breytingu á drögunum. Samþykkt (fylgiskjal 1).

### **3. Ákvörðun um þóknun fulltrúaráðs og stjórnar**

Borin upp svohljóðandi tillaga um þóknun fulltrúaráðsmanna: „Þóknun til handa fulltrúum sem sækja fundi fulltrúaráðs Brynju leigufélags ses. verði sem svarar átta einingum og að einingarverðið verði í samræmi við ákvörðun Þóknananeftndar ríkisins á hverjum tíma sem er nú 2.747 kr./einingu eða samtals 21.976 kr. Þóknun þessi verður greidd sem verktakagreiðsla.“ Samþykkt. Tveir sátu hjá.

Borin upp svohljóðandi tillaga um þóknun stjórnarmanna: „Stjórnarlaun verði 100.000 kr. á mánuði og stjórnarformaður fái greidda tvöfalda þá upphæð. Þá fái varamenn sem eru kallaðir á stjórnarfundi greiddar 50.000 kr. fyrir hvern fund, þó að hámarki 100.000 kr. á mánuði.“ Samþykkt. Tveir sátu hjá.

### **4. Starfsemi Brynju og helstu áskoranir**

Framkvæmdastjóri Brynju leigufélags ses., Guðbrandur Sigurðsson, kynnir starfsemi Brynju og helstu áskoranir á næstu árum (fylgiskjal 2).

### **5. Rekstraryfirlit yfirstandandi árs ásamt rekstrar- og fjárfestingaráætlun 2023-2025**

Fjármálastjóri Brynju leigufélags ses., Erna Eiríksdóttir, kynnir rekstraryfirlit yfirstandandi árs ásamt rekstrar- og fjárfestingaráætlun 2023-2025 (fylgiskjal 3).

Bókun: Bergur Þorri Benjamínsson var með athugasemd við að Brynja leigufélag ses. notist við þá matsaðferð sem Félagsbústaðir hf. hafa notað og sætt hefur gagnrýni.

### **6. Staða og útlit á húsnæðismarkaði**

Rún Knútsdóttir framkvæmdastjóri lánasviðs HMS kynnir stöðu og útlit á húsnæðismarkaði (fylgiskjal 4).

### **7. Umræður**

Aðalbjörg Traustadóttir spyr um biðlista. Umræður.

Bergþór Heimir Þórðarson spyr um afmörkun höfuðborgarsvæðisins og áætlanir varðandi uppbyggingu. Umræður.

Unnur Þöll Benediktsdóttir spyr um samstarfsvettvang HMS og aðild að honum. Umræður.

Bergur Þorri Benjamínsson spyr um möguleika á því að taka upp kaupleigukerfi. Umræður.

Svavar Kjarrval Lúthersson spyr um erindi íbúa til Brynju leigufélags ses. og uppsetningu rimla. Umræður.

## 8. Fundarlok

Fundi slitið kl. 17:09.

### Fylgiskjöl:

1. Starfsreglur fulltrúaráðs Brynju leigufélags ses. samþykktar undir dagskrárlið 2.
2. Glærुकynning framkvæmdastjóra og fjármálastjóra Brynju leigufélags ses. undir dagskrárlið 4 og 5 ásamt glærुकynningu framkvæmdastjóra lánasviðs HMS undir dagskrárlið 6.

Margrét Krist-annsóttir

Þórunn